

Skýrsla stjórnar -12.nóvember 2016

Fastir liðir:

Kaffihúsafundir:

Kaffihúsafundir hafa verið haldnið bæði hér í Reykjavík og á Akureyri fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði. Þeir hafa mælst vel fyrir þó mætingin sé misjafnlega góð. Þetta er hugsaður sem vettvangur fyrir fósturforeldra til að hittast, bera saman bækur og fá stuðning hvert af öðru.

Við höfum heyrt af því að loka eigi kaffihúsinu í Perlunni og því þurfum við að fara að finna nýjan stað fyrir þessa fundi hér í RVK.

Reglulegir stjórnarfundir:

Stjórnin hefur hist á ca 6 vikna fresti. Á fundum er m.a. farið yfir þau erindi sem hafa borist í tölvupósti frá félagsmönnum og farið yfir stöðuna á stærri verkefnum.

Fósturbörn hittast með fjölskyldum sínum:

Mikilvægt er fyrir fósturbörn að hitta önnur fósturbörn svo þau átti sig á því að þau eru ekki ein og að fósturbörn eru bara ósköp venjuleg börn. Ekki tókst að halda áfram með árlega útilegu félagsins vegna dræmrar þátttöku og var því ákveðið að skipuleggja frekar dagsviðburði á höfuðborgarsvæðinu. Í ár hittust fimm fjölskyldur í Hellisgerði í Hafnarfirði.

Foster pride:

Fulltrúar frá FFF hafa mætt á Foster Pride námskeiðin sem eru á vegum BVS. Markmiðið þar er að kynna starfsemi félagsins og að hvetha fósturforeldra til að skrá sig í félagið.

Annað:

Vinnustofur:

Á aðalfundi félagsins í fyrra kynnti stjórn niðurstöður úr vinnustofum sem félagið hafði haldið með félagsmönnum fyrr sama ár. Félagið hafði tekið saman skýrslu þar sem fram komu helstu brotalamir á núverandi kerfi [séð](#) frá sjónarhorni fósturforeldra. Eftir að skýrslan hafði verið kynnt fyrir félagsmönnum, starfsmönnum Barnaverndarstofu og [starfsmönnum barnaverndar](#) var ákveðið að mynda þverfaglegt teymi sem samanstæði af starfsmönnum barnaverndar, Barnaverndarstofu og talsmönnum fósturforeldra til að vinna úr þeim punktum sem fram koma í skýrslunni. Starfsmönnum barnaverndar á stór [Reykjavíkursvæðinu](#) og nágrannasveitarfélögum var boðið að taka þátt í þeirri vinnu og hafa starfsmenn frá barnavernd í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Akranesi tekið þátt. Haldnar hafa verið [nokkrar](#) vinnustofur þar sem utanaðkomandi ráðgjafi var fenginn til að leiða umræðurnar. Verið er að forgangsraða verkefnum og koma þeim í réttan farveg. Það er ánægjulegt og mikilvægt skref að nálgast [þetta viðkvæma mál](#) sem samstarfsverkefni þar sem fókusinn er að gera gott betra með [hag](#) fósturbarna að leiðarljósi.

Í grunninn flestir sammála en þó mikið af þessum ábendingum kalla á lagabreytingar. Það er mikilvægt að hafa tekið þetta allt saman því þegar kemur að því að endurskoða eiga lögin þá er það mjög dýrmætt að eiga þessa punkta sem innlegg í breytingar. Við munum þó pressa á að gerð verði sameiginleg ályktun til þess að pressa á að farið verði í lagabreytingar fljótt.

Ein afurð hefur nú þegar litið dagsins ljós og er það ný verklagsregla um þær upplýsingar sem fósturforeldrar þurfa að fá um hagi barns áður en fóstur hefst og á meðan því stendur.

Ráðgjöf vegna skattamála

Félagið fékk til liðs við sig ráðgjafa til þess að vera félagsmönnum innan handar varðandi meðhöndlun fósturlauna/framfærslu á skattskýrslu. Einhverjir félagsmenn hafa fengið athugasemdir við að gefa þrefalt meðlag upp sem skattfrjálsar tekjur og hefur ráðgjafi okkar aðstoðað félagsmenn við að svara skattinum.

Ráðstefna í UK

Í ár ákvað stjórnin að sækja ekki árlega NOFCA fund heldur fara á ráðstefnu um fóstumál í Bretlandi og fór fulltrúi frá okkur ásamt nokkrum starfsmönnum barnaverndar Reykjavíkur. Við munum fá smá kynningu á því hér á eftir. Meira sagt frá því hér á eftir.

Lögfræðiþjónusta – unnið í því að koma á þjónustusamingi við lögfræðing. Meira sagt frá því hér á eftir.